

## VIÐURLÖG VEGNA BROTA Á SKÓLAREGLUM

Verklagsreglunni er ætlað að tryggja vandaða og uppbyggilega málsmeðferð þegar nemandi brýtur reglur skólans varðandi umgengni, hegðun og samskipti. Sérstakar reglur gilda varðandi brot á skólasóknarreglum, ritstuld, námsmat og námsframvindu, en hér er um að ræða viðurlög vegna brota á reglum heimavistar og skóla (t.d. varðandi vímuefnanotkun og umgengni) og EKKO-mál (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi).

Viðbrögð við brotum skulu byggja á umhyggju, varkárni og virðingu. Þau geta falið í sér tiltal, aðvörun, áminningu, brottvísun til skemmri tíma eða varanlegan brottrekstur.

Markmiðið er að skapa ramma sem tryggir jafnræði og samræmi í vinnubrögðum. Til grundvallar eru:

- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008
- Reglugerð 326/2016 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993

### Markmið

Nemendur hafa bæði réttindi og skyldur. Í 33. gr. a. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 er fjallað um ábyrgð nemenda. Þar segir meðal annars að þeim beri að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks framhaldsskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur.

Í ML er kappkostað að huga að velferð allra nemenda, alhliða þroska, farsælli skólagöngu, sterkri sjálfsmynd, ábyrgð og öryggi. Jákvæður skólabragur byggir á að leita sátta og samkomulags, en skýr viðurlög séu einnig til staðar þegar svo ber undir. Ekki ber að líta á beitingu viðurlaga sem áfellingisdóm yfir nemanda, heldur á að felast í því leiðsögn og skýr mörk. Hlúa skal að sterkri sjálfsmynd, bæði þeirra sem brjóta af sér og þeirra sem brotið er á.

### Forráðamenn, barnavernd og lögregla

Verklagsregla um trúnað, samstarf og tilkynningar fjallar m.a. um samstarf við foreldra og barnavernd. Við það má bæta, úr reglugerð um ábyrgð aðila skólasamfélagsins:

*Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemanda yngri en 18 ára um úrlausn máls þegar um brot á skólareglum er að ræða. Nemendum og foreldrum nemenda yngri en 18 ára skal gefinn kostur á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, skv. 13. gr. stjórnsýslulaga.*

Varðandi eldri nemendur kemur þetta fram í reglugerðinni:

*Einnig skal leitast við að hafa sams konar samstarf við foreldra/forráðamenn nemenda eldri en 18 ára, þar sem við á, að fengnu samþykki nemendanna.*

Skólastjórnendur og/eða stoðþjónusta vísa málum til barnaverndaryfirvalda vegna nemenda að 18 ára aldri ef ástæða þykir til (sjá verklagsreglu um trúnað, samstarf og tilkynningar).

Lögregla er kölluð til þegar það á við.

## Væg úrræði

Væg úrræði sem skólar beita til að halda uppi aga og umgengnisvenjum teljast almennt ekki til stjórnvaldsáskvarðana og falla því ekki undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga.

Ef brot er ekki metið alvarlegt nægir að starfsmaður (t.d. vistarvörður eða umsjónarkennari) ræði við nemandann og gefi fyriræli (munnleg ábending frá starfsmanni skólans). Slíkt tiltal eru óformleg viðbrögð og ekki hluti af ferlinu sem um ræðir hér fyrir neðan.

## Könnun máls, skráningar og ákvarðanir

Unnið er í samræmi við þessar áætlanir og reglur:

- Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi – EKKO
- Reglur heimavistar og skóla

Ef upp kemur grunur um brot skal bregðast við að vel athuguðu máli (rannsóknarregla stjórnsýslulaga) en þó eins fljótt og auðið er (málshraðaregla stjórnsýslulaga).

Viðbrögð skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal valið vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði (meðalhófsregla stjórnsýslulaga).

Ábyrgð er í höndum þess sem heldur á málinu og svo þeirra sem koma að því í teymi (sjá verklagsreglur). Þegar um áminningar og brottvísanir er að ræða er ábyrgð og lokaákvörðun ávallt skólameistara. Kallað er eftir sjónarmiðum aðila, sérstaklega ef íþyngjandi ákvörðun er yfirvofandi, s.s. brottvísun (andmælaréttur stjórnsýslulaga). Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar 326/2016 segir að nemendum og foreldrum nemenda yngri en 18 ára skuli gefinn kostur á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum skv. 13. gr. stjórnsýslulaga.

## Ferli viðurlaga

Neðangreint ferli snýst um það hvernig formlegum viðurlögum er beitt af hálfu skólans. Hér er um að ræða brot á reglum skólans sem rökstuddur grunur er fyrir að nemandi hafi framið. Meta þarf hvert tilvik og það getur spilað inn í hvort brot eru ítrekuð eða alvarleg.

**Viðbrögð eiga að vera í samræmi við tilefnið og stigvaxandi.** Alla jafna er gengið út frá fjórum þrepum; aðvörðun - áminning - tímabundin brottvísun – varanlegur brottrekstur.

Það er heimilt en ekki skylt að fara upp á næsta þrep. Til að mynda getur verið ákveðið að gefa aðvörðun oftari en einu sinni. Eða það getur verið tekin ákvörðun um að fara í næsta þrep og veita áminningu eða vísa brott. Það fer eftir eðli málsins, en stjórnendur hafa ávalt í huga jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Skólinn áskilur sér rétt til að grípa beint til áminningar þegar um skýr og alvarleg brot er að ræða.

Fyrirvaralítill brottrekstur er alger undantekning, þegar um mjög alvarlegt brot er að ræða og ástæða er til að ætla að áframhaldandi skólavist ógni öryggi nemandans sjálfs eða annarra. Skólameistara er heimilt að vísa nemanda úr skólanum um stundarsakir eða ótímabundið á meðan mál er til meðferðar skv. 3. mgr. 33. gr. a. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Fyrirvaralítill brottvísun getur komið til skoðunar þegar rökstuddur grunur leikur á að nemandi sé undir áhrifum vímuefna á skólatíma og/eða stuðli að dreifingu slíkra efna meðal nemenda (11. gr. reglugerðar 326/2016).

# VERKLAGSREGLA

FLOKKUR: MANNAUÐSMÁL

ÁBYRGÐARAÐILI: SKÓLAMEISTARI



ÚTGEFIÐ: 27.11.2024

|   |  |
|---|--|
| <b>Brottvísun sem tímabundið úrræði</b> | Meðan á meðferð máls stendur getur nemanda sem hefur orðið uppvís að óviðeigandi eða ógnandi hegðun í garð samnemanda eða starfsfólks þurft að víkja tímabundið af heimavist og/eða úr skóla til að tryggja öryggi.  |
| <b>Aðvörun</b>                          | <p>Skrifleg aðvörun sem fylgt er eftir með viðtali. Tiltal frá starfsfólki skólans kann að hafa átt sér stað áður.</p> <p>Áfangastjóri eða skólameistari ræðir við nemandann um eðli brotsins, afleiðingar þess og ábyrgð hans í málinu. Nemandi upplýstur um að næsta skref geti verið áminning.</p> <p>Ef nemandi er ólögráða fá forráðamenn senda tilkynningu um aðvörunina.</p> <p>Markmið aðvörunar er að setja skýr mörk, styrkja og leiðbeina. Nemandi er gerð grein fyrir því að ef hann heldur áfram að brjóta af sér geti næsta skref verið áminning.</p>                            |
| <b>Áminning</b>                         | <p>Skrifleg áminning sem fylgt er eftir með viðtali. Nemandi gerð grein fyrir alvarleika málsins og nauðsyn þess að bæta ráð sitt. Upplýst að næsta skref geti verið brottvísun.</p> <p>Ef nemandi er ólögráða fá forráðamenn senda tilkynningu um áminninguna. Boðið er upp á samtal við forráðamenn þar sem þeim er gerð grein fyrir brotum ungmenna þeirra á skólareglum og viðbrögðum skólans við þeim.</p> <p>Forsenda fyrir áframhaldandi skólavist getur verið háð samkomulagi, t.d. um að nemandi leiti til sálfræðings eða ráðgjafa.</p>  |
| <b>Brottvísun - til skemmri tíma</b>    | <p>Haldi nemandi uppteknum hætti þrátt fyrir skriflega áminningu má vísa honum tímabundið af heimavistinni eða úr skóla.</p> <p>Formlegt bréf með rökstuðningi er sent á nemandi og forráðamenn. Áður en bréfið er sent er það kynnt nemandi í viðtali og hringt í foreldra.</p> <p>Nemandi og forráðamönnum nemandi yngri en 18 ára er gefinn kostur á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, samanber 4. mgr. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, nr. 326/2016.</p> |
| <b>Brottrekstur - varanlegur</b>        | <p>Ef allar tiltækar leiðir hafa verið reyndar og ekki tekst að finna lausn á máli nemandi er skólameistara heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla og/eða af heimavist.</p> <p>Formlegt bréf með rökstuðningi er sent á nemandi og forráðamenn. Fyrirhuguð ákvörðun er kynnt nemandi í viðtali og hringt í foreldra, áður en bréfið er sent. Upplýst um réttindi og skyldur nemandans, þ.m.t. andmælarétt.</p>  |

# VERKLAGSREGLA

FLOKKUR: MANNAUÐSMÁL

ÁBYRGÐARAÐILI: SKÓLAMEISTARI



ÚTGEFIÐ: 27.11.2024

|  |  |
|--|--|
|  | <p>Skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum má kæra ákvörðun skólameistara opinberra framhaldsskóla til ráðuneytisins á grundvelli 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga.</p> <p>Náms- og starfsráðgjafi fylgir því eftir að áframhaldandi skólavist sé tryggð. Nemandi, sem vísað hefur verið ótímabundið úr skóla vegna brota á skólareglum, á rétt á því að stunda nám í öðrum framhaldsskóla skv. 32. gr. laga um framhaldsskóla, hafi hann ekki náð 18 ára aldri. Nemandi, eldri en 18 ára, sem vísað hefur verið ótímabundið úr skóla vegna brota á skólareglum, á rétt á að sækja um í öðrum skóla og er innritun hans á ábyrgð skólameistara þess skóla.</p> |
|--|--|